

DAGSKRÁ

Reykjalundur endurhæfing ehf.



36. fundur stjórnar 15. ágúst 2023 kl. 8:15-9:45 í Grímansfelli.

Boðaðir eru: Anna Stefánsdóttir, Gunnar Ármannsson, Aldís Stefánsdóttir, Arna Harðardóttir, varamaður og Pétur Magnússon, forstjóri. Fundarritari er Pétur Magnússon en Arna Harðardóttir boðaði forföll.

Dagskrá


1. Eldri fundargerðir til samþykktar og undirritunar.
2. Oddssjóður.
 - Tillaga að úthlutun vegna ársins 2023. Stjórn Reykjalundar endurhæfingar ehf. fer nú með stjórn sjóðsins. PM kynnti tillögur að úthlutun úr sjóðnum vegna ársins 2023 var tillagan samþykkt.
 - Tillögur að nýjum samþykktum um Oddssjóð. PM fór yfir tillögur að breyttum samþykktum um Oddssjóð. Tilgangurinn er að gera úthlutun markvissari og uppfæra vinnulag til nútíma horfs. Tillögurnar samþykktar og úthlutun verður næst í febrúar 2024. Stjórn mun á næsta fundi tilnefna aðila í sjóðsstjórn samkvæmt nýjum samþykktum.
3. Fundur með heilbrigðisráðherra.

Fulltrúar Reykjalundar og SÍBS eiga fund með heilbrigðisráðherra 30. Ágúst. Kynnt voru þau atriði sem þar er ætlunin að ræða:

 1. Sýn á starfsemi Reykjalundar. Hvert er hlutverk Reykjalundar í nánustu framtíð og tengsl þess hlutverks við þjónustusamning við Sjúkratryggingar Íslands.
 2. Húsnæðismál Reykjalundar. Staða mála og næstu skref.
 3. Leiðandi hlutverk Reykjalundar í vísindastarfi, kennslu og rannsóknum í endurhæfingu á Íslandi.
4. Ræsting á Reykjalundi – staða mála.

Farið var yfir stöðu ræstingamála á Reykjalundi en nú hefur verið samið við fyrirtækið Daga um ræstingu til næstu þriggja ára.
5. Önnur mál
 - Dagsetningar funda stjórnar í vetur. Ákveðið að fundir stjórnar verði annan þriðjudag hvers mánaðar kl 8:15. PM falið að senda fundarboð á stjórn.
 - Áætlunargerð vegna ársins 2024. PM kynnti að vinna við áætlunargerð ársins 2024 væri að hefjast og væri hún að hluta til, tengd niðurstöðum stefnumótunar sem framundan er.
 - Minna á stefnumótunardaginn 8. september. PM kynnti stuttlega stefnumótunardag Reykjalundar 8. September. Stjórnarmenn hvattir til að mæta ef þeir geta.

Pétur Magnússon ritaði fundargerð.


Aldís Stefánsdóttir

